



## Til aðildarfélaga og sérráða ÍBR!

Reykjavík 18. febrúar 2011

### Efni: Þing ÍBR 28. – 29. apríl 2011

Boðað er til þings Íþróttabandalags Reykjavíkur dagana 28. - 29. apríl í Laugardalshöll.

Þingfundur hefst fimmtudaginn 28. apríl kl. 17:00. Nefndir munu starfa að loknum fyrri hluta þings, á fimmtudagskvöldinu, í fundarsölum ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni. Gert er ráð fyrir að þingfulltrúar geti tekið þátt í nefndarfundum fyrsta klukkutímans en síðan starfi nefndir fyrir luktum dyrum og ljúki sinni vinnu eigi síðar en kl. 22:30. Þingfundur verður fram haldið föstudaginn 29. febrúar kl. 17:00. Að loknu þingi verður boðið upp á veitingar.

Þau mál, sem aðilar óska að verði á dagskrá, skulu berast ÍBR í síðasta lagi 4 vikum fyrir þingsetningu eða fyrir 1. apríl.

Tala þingfulltrúa miðast við tölu félagsmanna síðastliðins starfsárs, þannig að félag með:

1	-	200	félagsmenn	hljóti	1	fulltrúa
201	-	400	"	"	2	fulltrúa
401	-	600	"	"	3	fulltrúa
601	-	800	"	"	4	fulltrúa
801	-	1000	"	"	5	fulltrúa
1001	-	1200	"	"	6	fulltrúa
1201	-	1400	"	"	7	fulltrúa
1401	-	1600	"	"	8	fulltrúa
1601	-	og yfir	"	"	9	fulltrúa

Hvert sérráð á einn fulltrúa á þinginu. Að auki hafa eftirtaldir aðilar rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt: Framkvæmdastjórn ÍBR, framkvæmdastjórn ÍSÍ, íþróttafulltrúi ríkisins og íþróttafulltrúi Reykjavíkurborgar.

Aðildarfélögum er bent á að samkvæmt 7. grein laga ÍBR missir hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við 5. gr., atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBR.

Einnig skal á það bent að samkvæmt 17. grein laga ÍBR missir sérráð rétt sinn til að tilnefna fulltrúa á ársþing ÍBR hafi það ekki skilað starfsskýrslu, ársreikningi og mótaskýrslum.

Stjórn félagsins/sérráðsins skal útfylla meðfylgjandi kjörbréf fyrir fulltrúa sína og skila til ÍBR 2 vikum fyrir þing þ.e. í síðasta lagi fimmtudaginn 14. apríl.

Meðfylgjandi er listi yfir fjölda fulltrúa á þinginu auk kjörbréfs.

Með kveðju,  
f.h. ÍBR

Frimann Ari Ferdinandsson